



Stjórnarfundur Þekkingarsetursins á Blönduósi haldinn 17.1.2017 kl. 14:00

Dagskrá

1. Starfsemi Þekkingarsetursins 2016
 - a. Aukafjárveiting vegna eflingu textíls
 - b. Samstarf við Heimilisiðnaðarsafnið
 - c. Stefnumótunarverkefni
2. Starfs- og fjárhagsáætlun 2017
 - a. Verkefnaáætlun
 - i. Uppbyggingu textíllistamiðstöð
 - ii. Þróun rannsókna
 - iii. Efling menntunar
 - iv. Efling ferðamála
 - v. Viðburðir
 - vi. Önnur starfsemi
 - b. Fjárhagsáætlun 2017
 - i. Almennur rekstur
 - ii. Aukaáætlun
3. Starfsmannamál
 - a. Ráðning fulltrúa á skrifstofu
4. Önnur mál

Arnar setti fund. Mætt eru Katharina Schneider, Arnar Þór Sævarsson, Erla Ísafold Sigurðardóttir, Berglind Björnsdóttir og Þóra Sverrisdóttir sem ritar fundargerð. Valgarð Hilmarsson boðaði forföll vegna veikinda.

1. Starfsemi Þekkingarsetursins 2016
 - a. Katharina kynnti ráðstöfun aukafjármagns til Þekkingarsetursins vegna ársins 2016. Ráðinn var sameiginlegur starfsmaður á skrifstofu í Kvennaskólanum. Ráðinn var sérfræðingur á sviði textíls og unnið var áfram að uppbyggingu listamiðstöðvarinnar í Kvennaskólanum, m.a. var farið á ráðstefnuna Nordic Textile Art í Noregi í mars til að auka tengslanet og hafa borist beiðnir um samstarf í framhaldi af ferðinni. Keyptur var stafrænn vefstóll, mun hann verða tekinn í notkun sumarið 2017. Hann er eini sinnar tegundar á landinu. Einnig hafa verið keypt tól og tæki til þess að efla aðstöðu í textíllistamiðstöðinni. Verið

er að skipuleggja textílbókasafn í Kvennaskólanum og aukið vinnurými fyrir listamenn og nemendur á lóðinni. Einnig fóru fulltrúar Þekkingarsetursins og Textílsetursins í þriggja daga heimsókn til Textiles Zentrum Haslach í Austurríki. Þar er öflugt þekkingarsetur þar sem unnið er að fjölbreyttum verkefnum á sviði textíls.

- b. Arnar fór yfir samstarf við Heimilisiðnaðarsafnið og áhuga stjórnar fyrir aukningu á því.
 - c. Katharina skýrði frá stefnumótunarverkefni sem hefur verið í gangi varðandi framtíðaruppbyggingu á Kvennaskólatorfunni, Lee Ann Maginnis var ráðinn verkefnastjóri tímabundið við þetta verkefni og einnig hefur Magnús Baldursson atvinnuráðgjafi hjá SSNV verið að vinna að því. Kynningarfundur verður á þessu verkefni í dag fyrir stjórnir Þekkingarsetursins og Textílsetursins.
2. Starfs- og fjárhagsáætlun 2017
- a. Verkefnaáætlun.
 - i. Áframhaldandi uppbygging á textíllistamiðstöð. Styrkumsókn vegna verkefnis tengt atvinnuþróun og nýsköpun á sviði textíls: „Textíle Arts Incubator“. Stefnt er á að gefa út myndrænt kynningarefni á listasýningum sem haldnar eru mánaðarlega á vegum listamanna í textíllistamiðstöðinni. Þekkingarsetur tekur þátt í verkefni með Nes listamiðstöð um útgáfu tvítyngds tímarits um listamenn og listir á Norðurlandi vestra: „The Iceview“.
 - ii. Þróun rannsókna á sviði textíls og strandmenningar. Skráningarverkefni um vefnað. Þróun verkefnis á sviði menningatengdra ferðamála. Samstarf við Heimilisiðnaðarsafnið.
 - iii. Efling menntunar. Starfsnám fyrir listnema frá Listaháskóla Íslands. Einnig hefur verið í skoðun með svipað samstarf við Myndlistaskólann. Verkefnaáætlun og kynning á stafrænum vefstól. Fræðsla á sviði textíls fyrir nemendur grunnskóla. Umsjón með námsveri og þróun námsleiða.
 - iv. Efling ferðamála í A-Hún. Verkefnahópur um ferðamál í A-Hún. Stefnt er á að endurútgefa kynningarbækling um svæðið og ráða verkefnastjóra í Upplýsingamiðstöð A-Hún.
 - v. Viðburðir. Þrjónagleði í samstarfi við Textílsetur Íslands. Opið hús í Kvennaskólanum verður í febrúar.
 - vi. Önnur starfsemi. Þýðingar/túlkun á ensku og þýsku, eftir því sem starfsmannahald leyfir.

Sótt er um styrki vegna verkefna til svæðisbundinna sjóða, fyrirtækja/stofnana og annarra innlendra og erlenda aðila. Einnig verður sótt um styrki vegna rannsóknarverkefna sérfræðinga hjá Rannís.

- b. Fjárhagsáætlun 2017
 - i. Almennur rekstur- til ráðstöfunar eru áætlaðar um 28 milljónir á árinu 2017. Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjóri verði í fullu starfi og skrifstofustarfsmaður einnig.

- ii. Aukaáætlun- vegna aukafjárveitingar upp á 12,5 milljónir. Áætlað er að þeir fjármunir fari í laun verkefnastjóra og verkefnastjórnun, kennslutæki, framlög í samstarfsverkefni við Heimilisiðnaðarsafn, átaksverkefni í ferðamálum og sérfræðingur í vefnaði og samstarf við skóla.

3. Starfsmannamál

- a. Lögð voru fram drög að auglýsingu fyrir fulltrúa á skrifstofu.

4. Önnur mál voru engin.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið.

Póra Sverrisdóttir